



# VÍS: Uppgjör 3. ársfjórðungs 2020 og uppfærð afkomuspá

Árshlutareikningur félagsins fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2020 var staðfestur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundi þann 22. október 2020.

## **Helstu niðurstöður þriðja ársfjórðungs 2020.**

- Hagnaður var 1.032 m.kr. samanborið við 394 m.kr. tap á 3F 2019
- Iðgjöld voru 5.735 m.kr. samanborið við 6.085 m.kr. 3F 2019
- Fjárfestingatekjur voru 1.110 m.kr. en voru neikvæðar um 237 m.kr. á sama tímabili í fyrra
- Arðsemi eigin fjár var jákvæð um 7,0% en var neikvæð um 2,7% á sama tímabili 2019
- Samsett hlutfall var 94,5% samanborið við 99,7% á sama tímabili 2019

## **Helgi Bjarnason, forstjóri VÍS:**

„Árangur í fjárfestingum var góður á þriðja ársfjórðungi þrátt fyrir áskoranir á eignamörkuðum vegna heimsfaraldursins. Fjárfestingatekjur námu 1.110 m.kr. og nafnávöxtun var 2,9%. Afkomu af fjárfestingum má einkum rekja til ávoxtunar af skráðum hlutabréfum en hækkan skráðra hlutabréfa nam 7,2%. Einnig var afkoma af erlendum skuldabréfasjóðum góð í ársfjórðungnum.

Viðsnúningur var í vátryggingarekstri milli fjórðunga. Afkoma vátryggingarekstrarins í þriðja ársfjórðungi var jákvæð um 358 milljónir króna – samanborið við tap upp á 158 milljónir króna í öðrum ársfjórðungi 2020. Iðgjöld tímabilsins voru 5.735 milljónir króna samanborið við 6.085 milljónir króna á sama tímabili í fyrra. Helstu ástæður fyrir lækkun iðgjalda er samdráttur í ferðaþjónustu og minni umsvif í erlendri endurtryggingastarfsemi. Samsett hlutfall fjórðungsins var 94,5%.

## **Stafrænir sigrar**

Við unnum ýmsa stafræna sigra á ársfjórðungnum. Við settum nýja heimasíðu í loftið en þar var allt kapp lagt á að útskýra tryggingar á mannamáli og veita góð ráð um forvarnir – sem stuðla að því að viðskiptavinir okkar lendi sjaldnar í tjónum.

Þrátt fyrir að lítið sé um ferðalög í heimsfaraldrinum, þá höfum haldið áfram að þróa stafrænar lausnir í ferðatjónum. Afgreiðsla ferðatjóna er nú orðin sjálfvirk sem þýðir einfaldlega betri og hraðari þjónusta. Ef viðskiptavinir okkar verða fyrir skakkaföllum á ferðalögum erlendis, þá býður lausnin upp á sjálfvirka úrlausn mála. Við erum því tilbúin að veita enn betri þjónustu um leið og landinn fer að ferðast á ný.

Við lokuðum þjónustuskrifstofunum aftur í þessari bylgju heimsfaraldursins og veittum þjónustu með öðrum leiðum. Þess má geta að stærsta þjónustuskrifstofan okkar er á netinu og er opin allan sólarhringinn. Hlutfall rafrænna tjónstilkynninga hefur aldrei verið hærra eða tæplega 60%. Rúmlega 90% af tilkynningum um tjón á innbúi eru nú tilkynnt rafrænt – og er rúmlega helmingur af þeim í sjálfvirkri afgreiðslu. Við erum stolt af því, enda erum við á stafrænni vegferð.

## **Jákvætt viðhorf gagnvart Ökuvísi**

Samvinnan við viðskiptavini okkar um þróun á Ökuvísi hefur verið mjög lærðómsrík. Þetta er ný nálgun í tryggingum hér á landi og er mikilvægt að rödd viðskiptavina heyrist frá byrjun. Við höfum því fengið viðskiptavini að borðinu til þess að hjálpa okkur að þróa og móta Ökuvísi. Þessi endurgjöf skiptir miklu máli, því við ætlum okkur að bjóða upp á vöru og þjónustu sem mætir raunverulegri þörf viðskiptavina okkar. Verkefninu miðar vel áfram en einn af þeim þáttum sem við hugum sérstaklega vel að – er að við séum ávallt að vinna í samræmi við persónuverndarlög. Gert er ráð fyrir fyrstu útgáfu nýs apps fyrir lok þessa árs. Þess má einnig geta að Íslendingar eru almennt jákvæðir gagnvart Ökuvísi, samkvæmt nýrri könnun. Þessi niðurstaða gefur okkur byr undir báða vængi – og hvetur okkur áfram.



Við lítum svo á að þessir stafrænu sigrar séu mikilvægar vörður í að verða stafrænt þjónustufyrirtæki. Við erum með skýra sýn og skýr markmið. Þrátt fyrir óvissu í samfélagini vegna heimsfaraldursins höldum við ótrauð áfram – og lítum bjartsýn til framtíðar.”

## **Horfur**

Uppfærð afkomuspá gerir ráð fyrir því að samsett hlutfall fyrir árið 2020 verði 105,5%, ávoxtun fjáreigna verði 8,2% og hagnaður fyrir skatta 390 milljónir. Afkomuspá til næstu 12 mánaða gerir ráð fyrir 96,8% samsettu hlutfalli, 5,6% ávoxtun fjáreigna og hagnaði fyrir skatta upp á rúmlega 2,3 milljarða.

## **Kynningarfundur**

Kynningarfundurinn vegna uppgjörsins fyrir markaðsaðila og fjárfesta verður eingöngu rafrænn. Fundurinn verður haldinn föstudaginn 23. október, klukkan 8:30. Helgi Bjarnason, forstjóri félagsins, mun kynna uppgjörið og svara spurningum.

Fundurinn verður í beinni útsendingu með fjarfundarbúnaði Cisco Webex. Hægt er að tengjast fundinum með vafra eða hlaða niður hugbúnaði frá Cisco. Nánari leiðbeiningar um hvernig eigi að tengjast fundinum má finna á vefslóðinni: <https://www.vis.is/3-arsfjordungur-2020/>

Hægt er að tengja sig inn á fjarfundinn hér: <https://www.vis.is/fjarfestafundir/> Einnig verður hægt að nálgast upptöku af fundinum á sömu vefslóð.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast hér: <https://www.vis.is/fjarfestaupplýsingar/>

## **Fjárhagsdagatal**

Ársuppgjör 2020 || 25. febrúar 2021

Aðalfundur 2021 || 19. mars 2021

## **Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar veitir Erla Tryggvadóttir, samskiptastjóri VIS, í síma 660-5260 eða með netfanginu erlat@vis.is



## Rekstrarreikningur

	3F 2020	3F 2019	Br.	Br. %	9M 2020	9M 2019	Br.	Br. %
Iðgjöld tímabilsins	5.735	6.085	-349	-5,7%	16.934	17.274	-341	-2,0%
Hluti endurtryggjenda	-149	-238	89	-37,4%	-547	-629	83	-13,1%
Eigin iðgjöld	5.587	5.847	-260	-4,5%	16.387	16.645	-258	-1,6%
Fjárfestingatekjur	1.110	-237	1.347	-568,1%	2.560	2.563	-3	-0,1%
Aðrar tekjur	19	33	-14	-42,2%	46	72	-26	-36,6%
Heildartekjur	6.716	5.643	1.073	19,0%	18.993	19.281	-288	-1,5%
Tjón tímabilsins	-4.228	-4.848	620	-12,8%	-14.266	-12.815	-1.451	11,3%
Hluti endurtryggjenda	34	297	-263	-88,4%	179	426	-247	-58,0%
Eigin tjón	-4.194	-4.550	357	-7,8%	-14.087	-12.389	-1.698	13,7%
Tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar våtryggingaskuldar	-83	-17	-66	383,4%	-733	-280	-453	161,9%
Rekstrarkostnaður	-1.176	-1.422	247	-17,3%	-3.967	-4.257	290	-6,8%
Vaxtagjöld og virðisýrnun viðsk.krafna	-111	-73	-39	53,1%	-294	-268	-26	9,9%
Heildargjöld	-5.564	-6.062	499	-8,2%	-19.080	-17.193	-1.887	11,0%
Hagnaður (tap) fyrir skatta	1.152	-420	1.572	-374,5%	-87	2.087	-2.175	-104,2%
Skattar	-120	26	-146	-560,1%	73	-289	362	-125,1%
Hagnaður (tap) tímabilsins	1.032	-394	1.426	-362,2%	-15	1.798	-1.813	-100,8%
Tjóna- og endurtr.hlutfall	75,7%	78,7%			86,4%	75,3%		
Kostnaðarhlutfall	18,8%	21,1%			21,6%	22,2%		
Samsett hlutfall	94,5%	99,7%			108,0%	97,5%		
Arðsemi eigin fjár	7,0%	-2,7%			-0,1%	12,4%		
Ávöxtun fjáreigna	2,9%	-0,7%			6,9%	7,5%		

## Efnahagsreikningur

Eignir	30.9.2020	31.12.2019
Rekstrarfjármunir	598	670
Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir	1.490	1.360
Húsaleiguréttindi	824	899
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur	37.589	32.338
Skuldabréf og aðrar langtíma kröfur	1.274	1.843
Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	1.663	1.530
Viðskiptakröfur	8.113	7.424
Endurtryggingaeignir	970	1.074
Aðrar kröfur	1.199	1.286
Handbært fé	659	1.930
Eignir samtals	54.379	50.354
 Eigið fé		
Hlutafé	1.894	1.894
Lögbundinn varasjóður	626	626
Bundið eigið fé	4.575	2.793
Óráðstafað eigið fé	8.085	9.881
Eigið fé samtals	15.179	15.194
 Skuldir		
Víkjandi skuldabréf	2.824	2.788
Tekjuskattsskuldbinding	63	136
Húsaleiguskuldbinding	854	917
Våtryggingaskuld	31.185	27.577
Líftryggingaskuld með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	1.663	1.530
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	2.610	2.212
Skuldir samtals	39.200	35.160
 Eigið fé og skuldir samtals	54.379	50.354



## Uppfærð afkomuspá

Uppfærð afkomuspá gerir ráð fyrir því að samsett hlutfall fyrir árið 2020 verði 105,5%, ávöxtun fjáreigna verði 8,2% og hagnaður fyrir skatta 390 milljónir. Afkomuspá til næstu 12 mánaða gerir ráð fyrir 96,8% samsettu hlutfalli, 5,6% ávöxtun fjáreigna og hagnaði fyrir skatta upp á rúmlega 2,3 milljarða.

Fjárfestingastefna VÍS miðar að því að samsetning eigna hámarki ávöxtun miðað við þann áhættuvilja sem settur hefur verið. VÍS hefur skilgreint áhættuvilja félagsins út frá gjaldþolshlutfalli sem er á bilinu 1,35 – 1,70.

Félagið tilkynnir, að öðru óbreyttu, sérstaklega ef frávik frá væntum hagnaði ársins 2020 fyrir skatta er umfram 300 milljónir króna.

Spáin verður uppfærð ársfjórðungslega, birt í afkomutilkynningum og kynnt í fjárfestakynningum félagsins.

Afkomuspá		Spá 4F 2020	Spá 2020	Spá 1F-3F 2021	Næstu 12 mánuðir
	Rauntölur 1F-3F 2020				
Tjóna- og endurtr.hlutfall	<b>86,4%</b>	76,4%	<b>83,9%</b>	75,6%	75,8%
Kostnaðarhlutfall	<b>21,6%</b>	21,4%	<b>21,6%</b>	20,9%	21,1%
Samsett hlutfall	<b>108,0%</b>	97,8%	<b>105,5%</b>	96,5%	96,8%
Hagnaður fyrir skatta	<b>-87</b>	477	<b>390</b>	1.838	2.315
Ávöxtun fjáreigna	<b>6,9%</b>	1,3%	<b>8,2%</b>	4,3%	5,6%